



Verkefnaskólinn á Akureyri

STÆF2RH05 – Fjarkennsla

Bréf 2

2. kafli, þríhyrningar

Lesið vel bls. 19-22

2.1 Þríhyrningar

Þríhyrningar eru flokkaðir einkum á tvo vegu:

Eftir hornastærð (hvasshyrndur þríhyrningur, rétthyrndur þríhyrningur eða gleiðhyrndur þríhyrningur)

Eftir hliðarlengd (jafnhliða þríhyrningur eða jafnarma þríhyrningur)

Hornpunktar þríhyrninga eru merktir með hástöfum en hliðar með lágstöfum.

Þríhyrningar eru nefndir eftir hornpunktum sínum en hlið ber alltaf sama bókstaf og mótlægt horn.

2.2 Línur í þríhyrningum

Hæð í þríhyrningi er lína sem dregin er úr horni, hornrétt á mótlæga hlið.

Helmingalína fer í gegnum oddpunkt horns og skiptir því til helminga í tvö jafn stór horn.

Miðlína liggur úr horni og sker mótlæga hlið í miðpunkti hennar.

Miðþverill er lína sem gengur í gegn um miðpunkt hliðar í þríhyrningi og er hornréttur á það.

Skoðið vel myndir sem fylgja kafla.

Vinnið verkefni 2.A.

Lesið vel bls. 25-29

2.3 Hornasumma þríhyrnings – sönnun fyrir hornsummu þríhyrnings

2.4 Hornasumma marghyrninga

$(n - 2) * 180^\circ = \text{hornasumma } n\text{-hyrnings}$ þar sem „n“ merkir fjölda horna marghyrningsins.

2.5 Utanvert horn þríhyrnings

Utanvert horn þríhyrnings er jafnt summu tveggja gagnstæðra horna í þríhyrningnum.

2.6 Einslaga marghyrningar

Marghyrningar eru einslaga ef samsvarandi horn þeirra eru jafn stór. Þá eru hlutföll milli hliðanna þau sömu hvort sem er á milli tveggja hliða í sama þríhyrningi eða „sömu“ hlið annarra þríhyrninga. Þannig er hægt að finna hliðarlengdir í einum marghyrningi ef við þekkjum samsvarandi hliðar í öðrum sem er einslaga.

Vinnið verkefni 2.B.